

39. fundur

14. janúar 2013

1201046SA SBG

Málalykill: 502

## **Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Þroskaþjálfafélags Íslands**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Þroskaþjálfafélags Íslands þann 14. janúar 2013, kl. 10:00 í Borgartúni 30.

Fulltrúar Þroskaþjálfafélags Íslands á fundinum voru: Laufey Gissurardóttir og Anna Lilja Magnúsdóttir. Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga á fundinum var Sólveig B. Gunnarsdóttir, sem ritaði fundargerð.

### **1. Starfsmaður í Vestmannaeyjum sem vinnuveitandi neitar um aðild að Þroskaþjálfafélags Íslands .**

Um er að ræða yfirmann frístundavers sem hefur verið launaraðað í samræmi við starfsmat í starfsmannafélag Vestmannaeyjarbæjar sem yfirumsjónarmaður. Starfsmaðurinn óskar eftir að vera í Þroskaþjálfafélagi Íslands.

#### **Niðurstaða:**

SNS skoðar málið nánar.

### **2. Launaákvæðanir vegna forstöðuþroskaþjálfara skv. grein 1.5.3.**

Launaákvæðanir forstöðuþroskaþjálfara í Hveragerði, Ölfusi og Árborgar þokast hægt. Í Grindavík hefur ekki verið gengið frá samkomulagi skv. gr. 1.5.3.

#### **Niðurstaða:**

Þroskaþjálfafélag Íslands tekur saman yfirlit um eðli og umfang þessara starfa og sendir SNS. SNS talar aftur við Grindavík.

**Fundi slitið kl. 11:00**